

Ferðasaga AGM Ísland 2015 Alheimsráðstefna Ladies Circle

Hundruð glæsilegra kvenna voru mætt á alheimsping Ladies Circle á Akureyri í sumar. Þristakonur voru þar að sjálfsögðu fjölmargar og skemmtu sér konunglega. Við vorum þrettán talsins auk fimm maka. Sumar okkar höfðu ekki áður farið á AGM og var því upplifunin yndisleg og gaman að kynnst fyrirkomulaginu og bara upplifa vináttuandrúmsloftið.



Eins og hefðin er, var glæsileg skróðganga og welcome party á fimmtudagskvöldinu. Við vorum í svörtu upphlutsbolunum og með heimaprjónaðar skotthúfur á höfðinu. Trilluðum niður kirkjutröppurnar eftir að hafa hitt og heyrt í frú Vigdís Finnbogadóttir og skælbrostum upp í drónann sem sveif yfir skróðgöngunni. Konur frá öllum löndunum skórtuðu þjóðlegum búningum og röltu í gegnum bæinn og inn í Hof. Við vorum glæsilegt myndefni fyrir ferðamennina. Í Hofi var dansparty og stemming fram eftir kvöldi. Það var ógleymanlegt að sjá rúmlega 500 konur, flestar í þjóðbúningum (sumir úr ull, og ekki hugsaðir til notkunar í dansparty í heitu Hofi) taka Zumba spor, allar í takt!



Daginn eftir var aðalfundurinn þar sem alheimsstjórn og fulltrúar fóru yfir helstu atriði sem eru í gangi hjá samtökunum. Nýtt góðgerðarverkefni var kosið og ný stjórn tók við stjórnartaumunum.

Eftir fundinn var stund milli stríða til að undirbúa sig fyrir heimapartýin. Konum var boðið inn á íslensk heimili þar sem boðið var upp á íslenskan mat og drykk. Slíkur fjöldi kvenna þurfti rúmlega 30 heimapartý, sem akureyrsku konurnar héldu með glæsibrag og ekki var annað að heyra eftir kvöldið en að þau hefðu öll tekist mjög vel.



Það eina sem var á dagskrá hjá flestum á laugardegnum var galakvöldið. Dagurinn fór í afslöppun, sund, verslun og að gera sig sæta og fína fyrir kvöldið. Með því að röltu göngugötuna var öruggt að hitta á LC konur enda vorum við yfir 500 í bænum. Alveg yndislegur félagsskapur og frábært tækifæri til að efla tengslin og vináttuna okkar á milli. Við þristakonur þökkum kærlega fyrir frábæra og eftirminnilega helgi með eðalfélagsskap og hressandi skemmtun á Norðurlandi.

LC 3

Ásta, Elín, Guðný Camilla, Hanna, Hugrún, Inga Sigga, Pálína og Rakel.

